

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð nr. 1196/2017,**  
**um eingreiðslur til lífeyrisþega árið 2018.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „búsetu og frestun“ í 3. mgr. 3. gr. kemur: búsetu, frestun og flýtingu.
- b. Á eftir 3. mgr. 3. gr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi: Þeir sem fá greiddan hálfan elli-lífeyri skv. 4. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar skulu fá hálfar eingreiðslur samkvæmt 1. mgr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Velferðarráðuneytinu, 23. janúar 2018.*

**Ásmundur Einar Daðason**  
félags- og jafnréttismálaráðherra.

---

*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*